

Reglur um forgang að leikskólum Garðabæjar.

Við innritun barna í leikskóla Garðabæjar og leikskóla sem njóta framlags frá Garðabæ skal heimilt að taka tillit til eftirfarandi atriða við forgangsröðun.

- Fötlun barna, alvarleg þroskafrávik eða langtímaveikindi.
- Erfiðleika í félagsumhverfi viðkomandi barna.
- Fötlun foreldra eða systkina eða alvarlegra veikinda.
- Aðild barns að barnaverndarmáli.
- Ungum aldri foreldra.
- Leitast er við að innrita barn á sama leikskóla og systkini sé þess kostur.

Við gerð biðlista skal ávallt miða forgang barna við aldur þeirra.

Reglur þessar eru settar samkvæmt heimild í 26. gr. laga um leikskóla nr. 90/2008 til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Samþykkt á fundi bæjarstjórnar Garðabæjar
6. október 2016

Guðjón Erling Friðriksson,
bæjarritari.